



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fljótsdalshérað
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík 17. október 2016
UST201609-042/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi smáhýsa á lóð úr landi Ásgeirsstaða í Eiðaþinghá.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 6. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi gistihýsa á lóð úr landi Ásgeirsstaða í Eiðaþinghá.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið nær til 1,15 ha svæðis fyrir smáhýsi, sem sum hafa þegar verið reist. Skipulagssvæðið var áður nýtt sem tún eða til beitar. Einnig kemur fram að áætlað er að lækur sem nú fer um skurð eftir skipulagssvæðinu, verði komið í upprunalegan farveg sunnan við skipulagssvæðið.

Fráveita

Fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr 798/1999, og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að merkja skal rotþrær á deiliskipulagsuppdrátt.

Umhverfisstofnun bendir á að sjónræn áhrif eru af smáhýsaþyrpingum og má milda þau með íslenskum trjágróðri.

Á ofangreindu svæði eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og ekki náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur